

Föstudaginn 18. janúar 1963.

Nr. 7/1962.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Landssambandi íslenzkra útvegsmanna

(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Skorið úr um gildi kjarasamnings. Sýknað af kröfu um refsingu fyrir brot á 5. og 7. gr. laga nr. 80/1938 vegna vanefnda á kjarasamningi.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna með stefnu, dags. 16. október f. á.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. að dæmt verði, að reikningsskil við stýrimann og báða vélstjóra m/b Hrannar II G.K. 241 skuli fara eftir kjarasamningi aðilja frá 14. febrúar 1961 og byggjast á skiptagrundvelli kjarasamnings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Sjómannasamtakanna innan A. S.Í. frá 13. júní 1958 með áorðinni breytingu 15. maí 1959.

2. að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 70. gr. laga nr. 80/1938 fyrir brot á nefndum kjarasamningi frá 14. febrúar 1961.

3. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins:

Málavextir eru þessir:

Hinn 14. febrúar 1961 var undirritaður samningur milli aðilja máls þessa um kaup og kjör yfirmanna á fiskibátaflotanum. Í samningi þessum er m. a. um það samið, að 1. stýrimaður og 1. vélstjóri skuli hafa í kaup 1½ laun háseta og kr. 250.00 á mánuði, og 2. stýrimaður og 2. vélstjóri 1¼ laun háseta og kr. 250.00 á mánuði.

Þegar þessi samningur var gerður, var í samskiptum verkalýðs- og sjómannafélaganna annars vegar og útvegsmanna hins vegar, að Vestmannaeyjum og Vestfjörðum undanskildum, farið eftir kjarasamningi, dags. 13. júní 1958, með breytingum, dags. 15. maí 1959.

Í þessum síðastnefnda samningi (frá 13. júní 1958) var svo mælt, að þótt hann væri gerður og undirritaður sameiginlega fyrir öll þau félög, er að honum stæðu, skyldi hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili. Þessum samningum sagði stefndi upp í marz 1961, en sú uppsögn var dæmd ógild, sbr. dóm Félagsdóms 6. júní 1962 í málinu nr. 2/1962.

Með bráðabirgðalögum frá 24. júní f. á., sem sett voru til lausnar sildveiðideilu þeirri, sem þá stóð yfir, er svo mælt, að gerðardómur skuli ákveða kaup og kjör skipverja á sumarsildveiðum 1962, ef samningar takist ekki. Og þar sem svo fór, ákvað gerðardómur kjör háseta með úrskurði uppkv. 25. júlí f. á.

Hinn 10. maí 1962 hafði stefndi sagt upp áðurnefndum kjarasamningi milli aðilja þessa máls, dags. 14. febrúar 1961, en með dómi Félagsdóms 26. júlí f. á. var sú uppsögn dæmd ógild. Kom því ekki til kasta nefnds gerðardóms í sildveiðideilunni, að ákveða kjör félagsmanna stefnanda, þar sem framangreindur kjarasamningur gildi þá enn samkvæmt ákvæðum sínum.

M/b Hrönn II var gerð út frá Sandgerði til sildveiða s.l. sumar. Var lögskráð á hana 25. júní f. á. Varðandi kjör háseta var skráð svo: „Ráðningarkjör óákveðin.“

Við reikningsskil til stýrimanna og vélstjóra að lokinni vertíð á s.l. hausti kom upp ágreiningur um það, við hvaða ákvæði kaup og kjör skyldu miðast. Leit stefndi svo á, að leggja bæri til grundvallar kaupákvæði gerðardómsins um kaup háseta, en stefnandi krafðist þess, að miðað yrði við ákvæði kjarasamningsins frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959.

Þessa kröfu sína byggir stefnandi á þeim röksemdum, að síðastnefndir kjarasamningar séu enn í gildi, þar sem þeim hafi eigi verið löglega sagt upp. Eigi hásetar á

m/b Hrönn II því að njóta þess kaups og þeirra kjara, sem nefndir samningar ákveða þeim til handa. Við þann grundvöll eigi svo að miða kjör stýrimanna og vélstjóra þeirra, sem eru í félagsskap stefnanda, og í þeim hlutföllum, sem samningur þeirra frá 14. febr. 1961 ákveði. En jafnvel þótt talið verði, að samningarnir frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959 séu eigi bindandi um hásetakjörin á sildveiðum s.l. sumar, eigi samt að miða við ákvæði þeirra, þar eð þeir hafi verið sá grundvöllur, sem byggt var á, þegar aðiljar þessa máls sömdu 14. febr. 1961.

Þá telur stefnandi að með því að haga reikningsskilum andstætt nefndum samningum hásetanna, en fara eftir ákvæðum gerðardómsins um hásetakjörin, hafi stefndi gerzt brotlegur við kjarasamning aðiljanna frá 14. febr. 1961 og ákvæði 5. og 7. gr. laga nr. 80/1938. Eigi það að varða hann sektum samkv. 70. gr. sömu laga.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að eigi hafi verið í gildi neinn samningur milli sin eða einstakra útvegsmanna annars vegar og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðnes-hrepps hins vegar um kaup og kjör háseta á sildveiðum sumarið 1962. Eigi því kjör háseta á m/b Hrönn II að fara eftir ákvæðum gerðardómsins, sem samkvæmt bráðabirgðalögunum jafngildi kjarasamningi. Og þar sem kaup vélstjóra og stýrimanna sé ákveðið margfeldi af hásetahlutunum, þá sé sér rétt, eins og hér standi á, að miða það við hlut hásetanna eins og hann verði samkvæmt gerðardómnum.

Þá mótmælir stefndi því, að hann verði á nokkurn hátt talinn hafa brotið ákvæði laga nr. 80/1938, jafnvel þótt svo yrði litið á, að skilningur hans á umræddum kjarasamningum eða gildi þeirra væri eigi réttur, þar sem brot á kjarasamningi varði eigi sektum eða refsingu samkvæmt ákvæðum nefndra laga.

1. Um kaupkröfunu.

Með dómi Félagsdóms uppkv. í dag í málinu nr. 10/1962 er dæmt, að framangreindir kjarasamningar, dags. 13. júní 1958 og 15. maí 1959, gildi um kaup og kjör há-

seta á sildveiðum sumarið 1962 að því er varðar lögskipti félagsmanna Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps og stefnda, Landssambands ísl. útvegsmanna. Samkvæmt þeirri niðurstöðu og með tilliti til þess, að kjarasamningur aðilja þessa máls, frá 14. febr. 1961, var í gildi að því er sildveiðarnar s. l. sumar varðar, ber að miða reikningsskil við stýrimann og vélstjóra m/b Hrannar II við hásetahlut, eins og hann varð samkvæmt kaup- og kjaraákvæðum framangreindra hásetasamninga. Verður þessi krafa stefnanda samkvæmt því tekin til greina.

2. Um sektarkröfunu.

Eigi verður talið, að það eigi að varða stefnda refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938, þótt hann miðaði reikningsskil við stýrimann og vélstjóra á m/b Hrönn eftir sildveiðarnar í sumar við aflahlut háseta eins og hann varð samkvæmt úrskurði gerðardómsins í sildveiðideilunni. Verða ákvæði 5. og 7. gr. nefndra laga eigi skilin svo, að vanefndir á kjarasamningum varði sektum eftir 70. gr. sömu laga. Ber því að sýkna stefnda af þessari dómkröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

1. Stefndi, Landssamband ísl. útvegsmanna, á að vera sýkn af sektarkröfu stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, í máli þessu.

2. Reikningsskil við stýrimann og báða vélstjóra á m/b Hrönn II G. K. 241 á sildveiðum sumarið 1962 skulu miðast við skiptagrundvöll háseta samkvæmt áðurgreindum kjarasamningum frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959.

Málskostnaður fellur niður.